

GJALDSKRÁ

Landmælinga Íslands.

1. gr.

Almennt um gjaldtöku Landmælinga Íslands.

Landmælingar Íslands bjóða aðgang að landupplýsingum og tengdum gögnum í eigu eða umsjón stofnunarinnar. Aðgangur að stafrænu efni og birting þess er gjaldfrjáls nema annað sé tekið fram. Um notkun og birtingu gagna gilda lög nr. 103/2006 um landmælingar og grunnkortagerð og

Almennir skilmálar um landfræðilegar upplýsingar og gögn Landmælinga Íslands.

Af sérhæfðri þjónustu á fagsviðum Landmælinga Íslands innheimtir stofnunarinnar gjöld skv. 2. gr.

Allar fjárhæðir í gjaldskrá þessari eru tilgreindar án virðisaukaskatts.

2. gr.

Sala á sérhæfðri þjónustu.

Landmælingar Íslands innheimta gjöld af sérhæfðri þjónustu á fagsviðum stofnunarinnar skv. 2.

og 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 103/2006. Tímagjald fyrir sérhæfða þjónustu er:

Almennt gjald kr. 9.900 á hverja klukkustund.

Sérfræðinga gjald kr. 11.500 á hverja klukkustund.

Lágmarksgjald fyrir sérhæfða þjónustu er kr. 2.200. Stærri verkefni eru unnin samkvæmt tilboði

miðað við ákveðinn tímafjölda.

3. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 103/2006 um landmælingar og grunnkortagerð.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá Landmælinga Íslands

nr. 754/2011.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 21. janúar 2013.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 22. janúar 2013

[Með vísan í auglýsingu um breytingu á gjaldskrá Landmælinga Íslands nr. 42/2013](#)